

Fundur foreldrafélags GSS  
07.02.12 kl. 18

Mætt voru: Páll Aðalsteinsson, Anna Reynisdóttir, Lilja Nótt Sævardóttir, Sigurbjörn Hans Álfgeirsson, Kristín H. Víðisdóttir, Ólafur Guðmunsson, María Jónasdóttir, Magnús Ingi Bæringsson, Ómar Örn Gunnarsson, Malfríður Gylfadóttir Blöndal, Áskell Áskelsson, Joanna Szerszen og Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir sem ritaði fundargerð.

1. Formaður setti fundinn kl. 18.
2. Öskudagur: Farið var yfir þau fyrirtæki sem hafa staðfest þáttöku sína í öskudegi, þau eru Dvalarheimilið, Sæferðir, Sjúkrahúsið, Arion banki, TM, Skipavík, Anka og Lyfja, ætla þau að taka á móti börnunum í öskudagsgöngunni.  
Eldri bekkingar hafa óskað eftir að hafa öskudagsball um kvöldið, ákveðið var að hafa ballið frá kl. 20-22 í sal Tónlistarskólans, Leifur, Eyþór og Bensi verða með tónlist á ballinu. Fyrirspurn send á Jóhönnu í tónlistarskólanum varðandi salinn.  
Ákveðið var að byrja öskudagsgönguna kl. 13.30 og verður hún að venju undir stjórn Gunnars Svanlaugssonar. Magnús Ingi lagði til að þeir foreldrar sem tók hafa á mæti með í gönguna og að foreldra kæmu einnig í öskudagsbúningum til að auka stemninguna.  
Öskudagshátíð verður svo í íþróttahúsinu frá kl. 16-17:30.  
Bekkjafulltrúar yngri deilda eiga að mæta kl. 16 niður í íþróttahús til að rukka inn og halda utan um hátíðarhöldin og bekkjafulltrúar eldri deilda mæta kl. 20 í tónlistarskólann.  
Ákveðið var að verðið inn á öskudagshátíðina og öskudagsballið væri 300 kr., innifalið í því er hátíðin, sælgætispoki og Svali.  
Rætt um að finna til öskudagstunnu, Páll Aðalsteinsson ætlar að taka það að sér.
3. Fræðsluerindi: Ungmennaráð SAFT ætlar að koma og vera með fræðsluerindi um ábyrga og jákvæða notkun netsins og annarra nýmiðla, rafrænt einelti og mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu. Að auki gefa þau bókina Rusleyjan eftir Þórarín Leifsson og handrit og framkvæmdarlýsingu að jafningjafræðslu og spunaverkefniinu Heimkoman eftir Rannveigu Þorkelsdóttur. Leikritið er ætlað til uppsetningar af leiklistarhópum í skóla og hentar einnig til að þjálfar börn í tjáningu og að takast á við lausn eineltismála.  
Að auki verður keyptur fyrirlestur um tölvufíkn fyrir foreldra og eldri bekki. Áætlað er að erindin verði í lok febrúar. Eydís Eyþórsdóttir íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur verið okkur innan handar að koma þessu á.

Fundi slitið kl. 18:30